

Nd.

566. Breytingartillögur

[186. mál]

við frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá Sigurði Ágústssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina komi ný málsg. svo hljóðandi:
Útflutningssjóður greiðir vinnslustöðvum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum verkun og útflutning afurða, sannanlega hækkun við að fullverka og koma í skip útflutningsafurðum, sem framleiddar hafa verið á tímabilinu frá 1. janúar til 14. maí 1958, umfram það, sem slíkur kostnaður hefði numið fyrir 14. maí þ. á.
2. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
Frá 1. janúar til 31. desember 1958 skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta úr útflutningssjóði. Þó skal sjóðurinn aldrei greiða hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.